



28. nóvember 2014

1411067

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla lána og niðurfelling).

Með tölvubréfi, dags. 10. nóvember sl., óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla lána og niðurfelling).

Með áðurnefndu frumvarpi er ætlunin að:

- i) fella ábyrgð ábyrgðarmanns niður við 67 ára aldur enda sé lánþegi í fullum skilum við sjóðinn,
- ii) heimila að eftirstöðvar skuldabréfs falli niður, að hluta eða í heild, vegna langvarandi veikinda, fötlunar eða örorku skuldara,
- iii) fella námslán niður á því ári er lánþegi nær 67 ára aldri enda sé hann í fullum skilum við sjóðinn og hafi tekið lánið fyrir 54 ára aldur,
- iv) heimila að afskrifa og fella niður, hjá lánþega sem lent hefur í vanskilum við sjóðinn á síðustu þremur almanaksárum á undan því ári er hann verður 67 ára, þá fjárhæð skuldarinnar sem eftir stæði hefði skuldari verið í fullum skilum.


Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til einstakra greina frumvarpsins, en telur að þær upplýsingar sem koma fram í athugasemdum þess varpi ekki ljósi á kostnað sem falla muni á ríkissjóð verði frumvarpið óbreytt að lögum. Seðlabankinn telur mikilvægt að góð greining á fjárhagsáhrifum frumvarpsins á ríkissjóð liggi fyrir áður en það er tekið til efnislegrar umræðu.

Þar sem lögfesting frumvarpsins mun að óbreyttu auka útgjöld ríkissjóðs, telur Seðlabankinn mikilvægt, verði frumvarpið óbreytt að lögum, að grípið yrði til viðeigandi mótvægisáðgerða þannig að markmið í ríkisfjármálum náist.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sigvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri



Sigríður Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri